

Ed. 501. Frumvarp til laga [268. mál]

um breyting á lögum um húsaleigusamninga, nr. 44 1. júní 1979, sbr. lög nr. 70 30. maí 1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

11. gr. orðist svo:

Um heimild til að víkja húsaleigusamningi til hliðar í heild eða að hluta eða til að breyta honum, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, gilda ákvæði laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nú stendur yfir endurskoðun laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, þar sem m.a. er lagt til að lögfest verði nýtt almennt ógildingarákvæði sem gildi um alla fjármunaréttarsamninga. Í frumvarpinu er m.a. gerð tillaga um, að numin verði úr gildi ógildingarákvæði einstakra sérлага, þ.á m. 11. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.

Lög nr. 44/1979 um húsaleigusamninga þykja hér hafa nokkra sérstöðu og er því ekki talið rétt að ógildingarákvæði þeirra laga verði algjörlega fellt niður. Rök fyrir þessu eru þau að lög um húsaleigusamninga fela í sér heildarlög um þessa sérstöku gerð samninga, þar sem kveðið er á um allan feril húsaleigusamnings. Rétt þykir því að í þeim lögum komi fram, að samningi geti lokið eða verið breytt vegna ógildingarástæðna. Hins vegar þykir rétt og eðlilegt að hið almenna ógildingarákvæði skv. 6. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 7 frá 1. febrúar 1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, eigi við um húsaleigusamninga, þannig að gætt sé samræmis í löggjöf í þessu tilliti, verði frumvarpið að lögum. Því er lagt til með frumvarpi þessu, að ógildingarákvæði laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga hljóði eins og hér kemur fram.